

Ed.

110. Frumvarp til laga

um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jarðir, lönd og lóðir í kauptúnum og sjávarþorpum, eða í grennd við þau, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Skilyrði fyrir því, að ríkið kaupi jarðir, lönd og lóðir samkv. lögum þessum eru:

- a. Að landið sé ekki í eign hlutaðeigandi hrepps, þorps eða kauptúns.
- b. Að samþykkt hafi verið á lögsmætum hreppsnefndarfundu formleg beiðni um, að kaupin séu gerð, og fylgi henni rökstuðningur fyrir því, að hlutaðeigandi hreppur sé ekki fjárhagslega fær um að standa undir kaupunum.
- c. Að beiðnin hafi verið samþykkt með meiri hluta atkvæða lögsmæts fundar kosningabærra kaupstaðar- eða þorpsbúa, sem hlut eiga að máli, og að tekið hafi verið fram í fundarboðinu, að atkvæðagreiðsla fari fram í málinu.
- d. Að fyrir liggja rökstutt álit Búnaðarfélags Íslands um, að þorpið eða kauptúnið hafi þörf fyrir að fá landið til afnota vegna ræktunar eða annarra framkvæmda og að lífvænleg atvinnuskilyrði séu fyrir hendi á staðnum og ekki sé hætt á, að byggð muni leggjast þar niður.

3. gr.

Jarðir þær, lönd og lóðir, er ríkissjóður kaupir samkvæmt lögum þessum, skal hann leigja hlutaðeigandi hreppi með ævarandi leiguréttindum, sbr. þó 5. gr., og sé árleg leiga 4% af kaupverði eignarinnar. Hreppnum er skylt að leigja landið út til hlutaðeigandi þorps- eða kauptúnubúa, eftir því sem lög og reglur þar um mæla fyrir.

4. gr.

Skylt er ríkinu, ef hreppsnefnd óskar þess, að selja hreppnum með hagkvæmum greiðsluskilmálum jarðir þær, lönd og lóðir, er ríkið kaupir samkvæmt lögum

Þessum, sama verði er það keypti, að viðbættu fasteignamatsverði þeirra ræktun-
arumbóta, er ríkið hefur gert á sinn kostnað á landinu. Eignir þessar mega hrepp-
arnir ekki selja aftur, nema með samþykki ríkisstjórnar.

5. gr.

Nú stendur hreppur eigi í skilum með umsamda leigu af jörð eða lóðum til
ríkissjóðs, eða ræktun og mannvirki ganga úr sér, eða náttúrugaðum er spillt, svo
að eignin rýrnar í verði, og hefur hann þá fyrirgert leiguréttindum sínum. Er þá
ríkissjóði heimilt að taka í sínar hendur öll umráð hinnar leigðu eignar, svo og
innheimtu lóðar- og erfðafestugjalda.

6. gr.

Nú vill ríkið kaupa lönd eða lóðir samkv. lögum þessum, en eigandi vill ekki
selja eða samkomulag næst eigi um kaupverðið, og er þá heimilt að taka löndin
eða lóðirnar eignarnámi samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd
eignarnáms, með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Að eigandi lands eða lóðar geti haldið eftir hæfilega stóru landi fyrir sjálf-
stæðan búrekstur eða annan atvinnurekstur, samkvæmt álitu Búnaðarfélags
Íslands.
- b. Að landið eða lóðirnar séu innan þess hrepps, sem kaптúnið eða þorpið liggur í.
- c. Að leitað sé ráða og umsagnar Búnaðarfélags Íslands, áður en eignarnám fer
fram samkv. lögum þessum, og má aldrei heimila eignarnám án samþykkis
Búnaðarfélags Íslands. Skal Búnaðarfélagið sérstaklega gæta þess, að ekki
verði um of þrengt að hagsmunum annarra aðila í hreppnum, né þeirra, sem eiga
það land, sem tekið er eignarnámi.

7. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, enda sé árlega
tekin upp í fjárlög hæfileg fjárhæð í þessu skyni. Framkvæmd laganna má fela
stjórn jarðakaupasjóðs ríkisins.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var samþykkt á síðasta búnaðarþingi og er hér flutt eftir ósk
þess.

Fyrir búnaðarþingi lá frumvarp um sama efni, samið af framfærslunefnd ríkis-
ins, en sent búnaðarþingi til umsagnar af landbúnaðarráðherra. Búnaðarþing gerði á
því breytingar, sem aðallega miðuðu að því að takmarka eignarnámsheimildina meir
en gert var í frumvarpi framfærslunefndar.

Frá framfærslunefnd fylgdi frumvarpinu svo hljóðandi greinargerð:

„Það mun nú almennt viðurkennt, að hin mesta þörf sé á því fyrir sjómenn og
verkafólk í kaптúnum og sjávarþorpum, sem að öllum jafnaði lifir við óviss at-
vinnukjör, að eiga þess kost að geta stundað jarðrækt og smábúskap samhliða sinni
ótryggu atvinnu. Slikur smábúskapur virðist, eins og sakir standa, eina úrræðið til
þess að fylla í eyðu atvinnunnar við sjávarsíðuna og gera fólkinu mögulegt að hag-
nýta atvinnuleysisstundir sínar til arðgæfra starfa. Um þetta vitna skýrt dæmi þeirra
kaптúna, sem undarfarið hafa sýnt jarðræktinni mestan sóma. Það er sannanlegt,
að jarðræktin hefur beinlínis bjargað sumum þeirra frá almennu fjárhagshruni á
undanförnum krepputímum, að ógleymdum þeim menningaráhrifum, sem ræktunin
að öllum jafnaði hefur í för með sér. Í raun og veru ætti jarðræktaraðstaða til handa
þessu fólki að verða jafnviðurkennt frumskilyrði fyrir myndun heimilis eins og
húsnæði og aðrar slíkar sjálfsagðar lífsþarfir eru nú. Í jarðræktinni er fólgin bezta

atvinnuleysistryggingin sem framkvæmanleg er því fólki til handa, sem býr við ótrygg atvinnukjör, eins og fólkið við sjávarsíðuna gerir yfirleitt.

Það verður að líta svo á, að Þjóðfélaginu beri skylda og nauðsyn til að greiða fyrir því á allan hátt, að fólkið við sjávarsíðuna geti fengið aðstöðu til jarðræktar, svo það eigi þess kost að tryggja sína óvissu afkomu. Frumvarpi þessu er ætlað að vera einn þátturinn í þeirri Þjóðfélagslegu aðstoð.

Frumskilyrði þess, að fólkið í kaптúnunum og sjávarþorpunum geti stundað jarðrækt, er að sjálfsögðu, að það eigi kost á landi til ræktunar með aðgengilegum kjörum. Einstöku kaптún eru svo illa í sveit sett, að ekkert nothæft ræktunarland er til í nágrenni þeirra. Sem betur fer eru þó flest þeirra allvel sett í því efni, en fjöldann af þeim brestur það, að hafa eignar- eða umráðarétt yfir ræktunarlandi handa íbúum sínum. Veldur þetta allvíða hinni mestu kyrrstöðu og aðgerðaleysi í ræktunarmálum kaптúnanna, íbúunum og þjóðarheildinni til ómetanlegs tjóns, og hefur auk þess í för með sér alls konar okurkjör á landsleigu og óréttmæta verðhækkun á löndum og lóðum kaптúnanna og nágrennis þeirra.

Á öllu landinu eru nú um það bil 70 kaupstaðir, kaптún og sjávarþorp, og mun eign á löndum þeirra og lóðum skiptast sem næst því sem hér segir: Um 25 eru í eign ríkis eða hrepps, um 15 eru sameign þess opinbera og einstakra manna, og um 30 eru í einstakra manna eign.

Telja verður, að eðlilegast og réttast sé, að kaптúnin eigi sjálf lönd sín og lóðir, og auk þess hæfilega mikið af næsta nágrenni.

Um þetta atriði munu skoðanir ekki mjög skiptar, hvaða stefnu sem menn annars fylgja í jarðeignarmálum að öðru leyti. Hins vegar mun svo vera ástatt um fjárhag margra kaптúnanna, að þeim er ókleift eins og sakir standa að ráðast í landa- og jarðakaup, enda þótt þörfin í því efni sé mjög aðkallandi, bæði vegna brýnna ræktunarþarfa íbúanna og af verðhækkunarástæðum. Hér virðist því eigi annað úrræði fyrir hendi heldur en að Þjóðfélagið hlaupi undir baggann um nauðsynlega aðstoð við landkaupin.

Á bak við frumvarp þetta, sem er í heimildarformi, liggur sú meginhugsun, að heppilegast sé, að lönd og lóðir kaптúnanna séu þeirra eign. En þar sem vitað er, að mörgum kaптúnunum er fjárhagslega ofvaxið að annast þau mál, er í frumvarpinu farið inn á þá braut, að ríkið annist um landkaupin, ef aðstoðar er óskað, og leigi síðan kaптúnunum hlutaðeigandi lóðir og lendur, enda hafi þau þá rétt og skyldu til framleigu til íbúanna, eftir þeim reglum, sem settar eru í jarðræktarlögum og öðrum lögum um þau mál. Telja verður, að slíkur leiguréttur til handa kaптúnunum sé þeim jafntryggur og notasæll eins og eignarréttur, en alloft mun ódýrari. Hér er í rauninni um hliðstæða aðstoð að ræða af ríkisins hálfu til kaптúnanna eins og jarðakaupasjóður ríkisins lætur nú bændum í té.“

Nefndin er í meginatriðum sammála ofanritaðri greinargerð framfærslunefndar og um höfuðstefnu frumvarpsins. Hins vegar er hún ekki að öllu sammála frumvarpinu eins og það er nú, en þykir réttast, að það komi fram á Alþingi eins og húnaðarþingið samþykkti það, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að gera við það breytingar og fylgja breytingum, er fram kunna að koma.